

um frumvarp til laga um breyting og viðauka við lög nr. 6, 31. maí 1921. (Seðla-útgáfa Íslandsbanka).

Frá fjárhagsnefnd.

Mál þetta hefir tafist nokkuð hjá nefndinni, og eru ástæður fyrir því þessar:

Við umræður málsins í neðri deild var frá því skýrt af fyrverandi fjármálaráðherra, að Íslandsbanki hefði heitið honum því að lækka útlánsvexti sína um 1%, frá því sem verið hefir, svo að þeir verði jafnháir því, sem nú er í Landsbankanum, ef gengið væri að 2. grein þessara laga.

En þar sem ekkert liggur fyrir um þetta atriði í athugasemdum fyrv. stjórnar við frumvarpið, og núverandi stjórn gerði enga grein fyrir þessu atriði við 1. umræðu þessa máls í þessari háttv. deild, þótti nefndinni ekki annað við eiga en að skýr ummæli lægju fyrir um þetta atriði frá bankans hálfu.

Til þess að fá þetta staðfest sendi því nefndin 28. f. m. erindi til ráðuneytis og beiddist skýrrar yfirlýsingar um þetta frá bankans hálfu.

Svar upp á þessa málaleitun kom frá ráðuneytinu með brjefi dags. 5. þ. m., og hljóðar svar bankans á þessa leið:

»Út af brjefi hins háa fjármálaráðuneytis, dags. í dag, þar sem beiðst er umsagnar um erindi fjárhagsnefndar Alþingis, dags. 28. þ. m., viðvíkjandi því, hvort Íslandsbanki mundi ætla sjer að standa við loforð sitt til fyrverandi fjármálaráðherra um það að lækka útlánsvexti bankans um 1%, ef samþykkt verði frumvarp til laga um breytingu á og viðauka við lög nr. 6, 31. maí 1921, eins og málið liggur fyrir á þingskj. 130, skulum vjer leyfa oss að taka það fram, að vjer höfðum lofað fyrverandi fjármálaráðherra, að ef 2. gr. í fyrgreindu frumvarpi yrði að lögum, þá mundi bankinn lækka útlánsvexti sína um 1%, og með því ekkert skilyrði var sett af vorri hálfu, að því er snertir innihald 1. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem nú hefir verið breytt, þá stendur fyrgreint loforð vort að sjálfsgöðu óhaggað«.

Nú hefir þessi 2. gr. umrædds stjórnarfrumvarps verið samþykkt óbreytt af háttv. neðri deild, enda verður að líta svo á, að a- og b-liðir greinarinnar sjeu aðeins orðabreytingar frá ákvæðum laga nr. 6, 31. maí 1921.

c-liður greinarinnar er aftur allveruleg efnisbreyting, og skiftir því nokkru máli. En gæta verður þess, að á tímabilinu 31. okt. 1922 til jafnlengdar 1923 á bankinn að draga inn alla þá 8. seðlamiljón, sem hjer ræðir um, eftir þeim reglum, sem stjórnarráðið setur um innköllun seðlanna, og getur því aðeins um mjög stuttan tíma notið þeirra friðinda, er honum eru veitt, ef ákvæði c-liðsins verður að lögum.

Sökum þessa hefir nefndinni ekki þótt næg ástæða til þess að gera þetta atriði að deiluefni við bankann, og mælir því með því, að þetta atriði greinarinnar verði einnig samþykkt, en verður hinsvegar að vera sammála um, að ákvæði núgildandi laga um þetta efni geti ekki verið nægileg ástæða fyrir bankann til þess að halda forvöxtum sínum 1% hærri en hinn bankinn, og telur löngu mál til

komið að úr því sje bætt. Um fyrri lið 1. gr. er enginn ágreiningur meðal nefndarmanna, en um síðari liðinn hefir ekki orðið samkomulag.

Meiri hluti nefndarmanna (G. Ó. og G. G.) lítur svo á, að rjett sje að samþykkja greinina óbreytta, enda munu ekki verða til frekari seðlaútgáfu tekið, nema óhjákvæmilegt sje vegna viðskifta innanlands.

Samkvæmt því leggur hann til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Minni hlutinn (S. H. K.) vill aftur ekki raska þeim grundvelli, er lagður var fyrir seðlaútgáfunni með lögum nr. 6, 31. maí 1921, en telur að svo sje gert, ef frumvarpsgreinin er samþykkt og ekkert bendir til þess, að fram til næsta þings sje þörf á frekari seðlaútgáfu en þegar hefir verið leyfð.

Samkvæmt því leggur hann til, að frumvarpið verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Önnur málsgrein fellur niður.

Alþingi, 10. apríl 1922.

Guðm. Ólafsson,
form.

Guðjón Guðlaugsson,
fundaskrifari.

Sigurður H. Kvaran,
framsögumaður.